

Minjaráð Austurlands
fundur 8. september 2017
haldinn í fundarsal Djúpavogshrepps, í Geysishúsinu á Djúpavogi

Mættir: Þuríður Elísa Harðardóttir, form. og minjavörður Austurlands, Þorvaldur P. Hjarðar, Elfa Hlín Pétursdóttir, Skúli Björn Gunnarsson, Erla Dóra Vogler. Forföll boðuðu Vala Garðarsdóttir og Marinó Stefánsson.

Dagskrá:

1. Menningarminjadagurinn 14. október.
2. Menningarminjaárið 2018.
3. Önnur mál.

Þuríður setti fund kl. 13.10 og gengið var til dagskrár. Skúli Björn tók að sér að rita fundargerð.

1. Menningarminjadagurinn 14. október

Þuríður sagði frá þessum árlega degi. Þemað í ár er Menningararfur og náttúra (Heritage and nature). Gert er ráð fyrir að auglýsa viðburð á einum stað í hverjum landshluta. Minjaráðið ræddi um að gott væri að vekja athygli á strandminjum sem hefðu verið vanræktar. Eftir umræður samþykkti minjaráðið að leggja til að Skálanes yrði fyrir valinu fyrir þennan viðburð Menningarminjadags þetta árið. Þar eru fjölbreyttar minjar frá ýmsum tíma og mikil tenging við náttúruna.

Í tengslum við þessar umræður kom Þorvaldur með þá hugmynd að ferðafélögin á Austurlandi sameinuðust um að hafa þemagöngur á næsta ári tengdar strandminjum. Leist minjaráðinu vel á það og þótti falla vel að næsta dagskrárlið.

2. Menningarminjaárið 2018

Þuríður sagði að innan Minjastofnunar væri hópur að vinna með Evrópska menningarminjaárið 2018. Ekki liggur fyrir hver mun bera ábyrgð á að fylgja þessu eftir hér á landi en það er í vinnslu innan mennta- og menningarmálaráðuneytis. Áhersla verður lögð á að vekja athygli á minjum og hvernig hægt er að gera almenning meira meðvitaðan um menningararf.

3. Önnur mál

a. Facebook-hópur

Þuríður er að starta lokuðum Facebook hóp fyrir minjaráðið. Þar mun ráðið geta kastað á milli sín hugmynda og haldið umræðu gangandi á milli funda.

b. Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru- og menningarsögulegum minjum

Elfa Hlín spurði hvort eitthvað væri að fréttastofnuninni sem rædd var á fundi ráðsins fyrir tæpu ári. Ekkert nýtt er að fréttastofnuninni en talið að verið sé að skilja á milli fjármagns til þessarar landsáætlunar og Framkvæmdasjóðs ferðamanna.

c. Tenging við minjasöfnin

Elfa Hlín spurði eftir því hvort eitthvað hefði breyst með tengingu á milli minjasafna og Minjastofnunar og tengsl aukist. Þuríður sagði hafa heimsótt minjasöfn á svæðinu en ekkert formlegt samstarf væri í gangi. Rætt var um hvernig hægt væri að tryggja virka samræðu við söfnin.

d. Skráning fornminja

Ráðið tók umræðu um stöðu á skráningu minja. Mikið verk er óunnið í þeim efnum á Austurlandi sem annars staðar. Fundarmenn á því að beita þurfi nýjum aðferðum við að ná utan um frumskráningu menningarminja. Rætt var hvernig virkja mætti almenning í því og í framhaldi af umræðu undir dagskrárlið 1. og 2.

e. Heiðarbýlin

Þorvaldur sagði frá verkefni Ferðafélags Fljótsdalshérað um heiðarbýlin. Unnið er að söfnum heimilda um þau öll og verið að taka viðtöl við fólk sem bjó þar eða þekkir til. Ætlunin er að gefa m.a. út veglegan bækling með upplýsingum um hvert býli. Ekki er búið að teikna upp nema lítinn hluta af býlunum eða fornleifaskrá. En þessi heimildaöflun getur nýst inn í þetta.

f. Skilti um menningarminjar

Þuríður spurði um hvort fundarmenn myndu eftir upplýsingaskiltum sem standa við minjastaði. Bað um að menn tækju myndir af slíkum skiltum og sendu sér til að hafa upplýsingar um ástand þeirra.

g. Fornleifaskráning og svæðisskipulagið

Andrés Skúlason oddviti Djúpavogshrepps kom inn á fundinn og var spurður um hvort komið væri á hreint hvort skráning minja kæmi inn í svæðisskipulagið. Hann sagði að ekki væri komið svar frá Skipulagsstofnun um hvort slík skráning verði hluti af svæðisskipulagi Austurlands en nefndin væri með þetta sem áhersluatriði.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14.15.

Að honum loknum fékk minjaráðið kynningu verkefni Djúpavogshrepps um verndasvæði í byggð og fór í stutta vettvangsferð ásamt Andrésí.

Þuríður E. Harðardóttir

Skúli Björn Gunnarsson ritaði fundargerð

Þorvaldur P. Hjarðar

Erla Dóra Vogler

Elfa Hlín Pétursdóttir